

**Nd.**

## **80. Frumvarp**

til laga um hvalveiðar.

Flutningsm.: Ásgeir Ásgeirsson.

### 1. gr.

Allir skiðishvalir nema hrefnur skulu friðaðir fyrir skotum hvarvetna í landhelgi, svo fyrir land utan sem á flóum og fjörðum inni árið um kring, nema í ísvök sju eða fastir á grynningum eða hamlaðir á annan hátt því líkan. Reka má hvali á land og drepa, ef það er gert með handskutlum eða lagvopnum, en eigi með skotum, og skal þess þá ávalt gætt, að eigi sje sildveiði eða veiðarfærum spilt.

Sýslunefndum skal þó heimilt að banna með samþykktum hrefnveiðar í landhelgi, hverri á sínu sviði, enda staðfesti atvinnumálaráðherra samþykktina.

### 2. gr.

Bannað er að hafa hvalveiðastöðvar á landi og flotstöðvar í landhelgi, sem og að flytja hval í land til hagnýtingar, nema hann sje dauður fundinn, drepinn með þeim hætti, sem heimilt er samkv. 1. gr., eða til þess sje fengið sjerleyfi. Sjerleyfi veitir atvinnumálaráðherra, að fenginni umsögn stjórnar Fiskifjelags Íslands. Sjerleyfi skal bundið við ákveðinn fjölda veiðiskipa og veitist eigi lengur en til 10 ára í senn. Sjerleyfi geta íslenskir ríkisborgarar einir fengið og þeir, sem sama rjettar njóta, enda hafi þeir verið búsettir í eitt ár hjer á landi.

### 3. gr.

Sjerleyfi til hvalvinslu í landi skal bundið því skilyrði, að hvalurinn sje að fullu hagnýttur.

Ennfremur skal greiða árgjald af hverju hvalveiðaskipi, eigi minna en 500 krónur.

Frekari skilyrði getur atvinnumálaráðherra sett, eftir því sem ástæða þykir til.

### 4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, frá 1000—10000 kr., er renna í ríkissjóð. Svo skulu og veiðarfæri og afli upptæk, þegar um ólöglega veiði eða hagnýting er að ræða, og rennur andvirðið einnig í ríkissjóð.

### 5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1929. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 44, 13. nóv. 1903, og lög nr. 18, 4. júní 1924.

### **Greinargerð.**

Frv. um þetta efni var borið fram á Alþingi 1925 og 1927. Um ástæður vísast til Alþt. A. 1925, þskj. 165 og 221.